
Aukin efnistaka á Tungnaáreyrum, Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 27. mars 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Landsvirkjun um aukna efnistöku úr námu á Tungnaáreyrum, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Rangárþings ytra, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skógar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Tungnaáreyrar – Aukin efnistaka. Matsskyldufyrirspurn. Efla – Landsvirkjun. Mars 2026.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra þann 24. apríl 2026,
- Fiskistofu þann 27. apríl 2026,
- forsætisráðuneyti þann 7. maí 2026,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 21. apríl 2026,
- Landi og skógi þann 30. apríl 2026,
- Minjastofnun Íslands þann 6. maí 2026,
- Náttúrufræðistofnun þann 24. apríl 2026,
- Náttúruverndarstofnun þann 24. apríl 2026,
- Umhverfis- og orkustofnun þann 27. apríl 2026,
- Vegagerðinni þann 24. apríl 2026.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. maí 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun á núverandi efnistökusvæði á Tungnaáreyrum úr 5 ha í allt að 7,5 ha og er gert ráð fyrir að efnistökumagn verði aukið úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Efnið sem tekið verður úr Tungnaáreyrum verður nýtt við uppbyggingu Vaðölduvers en gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnslu úr námunni eftir að framkvæmdum við Vaðölduver lýkur, s.s. til nýtingar við Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell.



Mynd 1. Staðsetning efnistökusvæðis (Úr greinargerð Landsvirkjunar).

Efnistökusvæðið er á malareyrum sunnan farvegar Tungnaár, norðan við Hrauneyjakvísl. Tungnaá fellur nú úr Sporðöldulóni, um aðrennslisgöng að Búðarhálsvirkjun og er því ekki lengur náttúrulegur farvegur en ávallt er talsvert bergvatn í farvegi. Því efni sem ekki nýtist til vinnslu, verður ýtt til hliðar og nýtt síðar við frágang á svæðinu. Sá gróður og lífrænn jarðvegur sem fyrir er, er rýr en verður nýttur, eftir því sem kostur er. Efni verður mokað og/eða ýtt upp í vinnsluhauga og eftir atvikum sigtað eða mulið til að það henti betur til notkunar. Eftir því sem hægt er verður svæðum lokað þegar vinnslu lýkur og/eða nýtanlegt efni þrýtur. Raskað svæði verður jafnað og aðlagð að nálægu landi.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður, vistgerðir og fuglar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu muni verða fyrir beinu og varanlegu raski en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu. Áhrif framkvæmda á vistgerðir eru takmarkaðar þar sem svæðið er að stærstum hluta lítt eða ógróið land. Áhersla verður lögð á góðan frágang að efnistöku lokinni, s.s. með skilmálum í aðalskipulagi og framkvæmdaleyfi sem getur stuðlað að náttúrulegri gróðurframvindu. Áhrif á búsvæði dýra eru neikvæð þar sem framkvæmdir munu líklega fæla fugla í burtu á meðan þeim stendur. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmda á vistgerðir og fuglalíf verði tímabundin og óveruleg.

Að mati Náttúruverndarstofnunar gefa fyrirliggjandi gögn og lýsingar til kynna að vistgerðir innan sjálfs framkvæmdasvæðisins séu að mestu leyti rýrar og með lágt verndargildi. Stofnunin telur því að bein

áhrif efnistöku á vistgerðir innan afmarkaðs svæðis séu líklega takmörkuð. Þá verða áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf fyrst og fremst staðbundin og tímabundin, tengd truflun á framkvæmdatíma.

Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur framkvæmdarsvæðisins einkennist af forsögulegu basísku og ísúru hrauni myndað á nútíma en nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hraunið er sandorpið og er einungis sýnilegt að takmörkuðu leyti og hefur því verndargildi hraunsins rýrnað ásamt því að svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna mannvirkjagerðar innan iðnaðarsvæða. Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmda á jarðmyndanir verði óveruleg þar sem að svæðið nýtur ekki verndar skv. náttúruverndarlögum og gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð efnistaka komi til með að hafa tímabundin áhrif á ásýnd framkvæmdasvæðisins en áhrif á landslag á svæðinu eru nú þegar töluverð vegna eldri framkvæmda. Framkvæmdasvæðið liggur við fjölfarnar og vinsælar ferðamannaleiðir inn á Suðurhálandið en ekki er gert ráð fyrir að rask vegna efnistökkunnar verði mikið sjáanlegt frá helstu vegum þar sem efnistökusvæðið er lágt í landi. Gerð verður krafa til verktaka um snyrtilega umgengi á framkvæmdatíma og vandaðan frágang svæðisins að nýtingu lokinni til að draga úr áhrifum á ásýnd.

Að mati Náttúruverndarstofnunar felur stækkun efnistökusvæðis í sér frekara rask á landformi og ásýnd sem getur haft varanleg áhrif, þrátt fyrir fyrirhugaðan frágang. Jafnframt bendir stofnunin á að svæðið er í nágrenni fjölfarinnar leiða á hálandinu og því geta áhrif á upplifun landslags verið meiri en eingöngu staðbundin. Mikilvægt er að meta áhrifin í samhengi við aðrar framkvæmdir á svæðinu og gera skýra grein fyrir árangri frágangs.

Umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæði séu mikið manngerð, aðallega í tengslum við uppbyggingu orkumannvirkja. Í nágrenni svæðisins er að finna sjö vatnsaflsstöðvar og liggja háspennulínur í grennd við svæðið. Samhliða virkjun Þjórsársvæðisins hefur átt sér stað uppbygging á vegakerfinu sem kemur til með að halda áfram við áframhaldandi uppbyggingu, s.s. vegna Vaðölduvers. Efni verður nýtt á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, á helstu framkvæmdarsvæðum Landsvirkjunar þar. Að öllum líkindum nýtist efnið að mestu við uppbyggingu Vaðölduvers sem tengist efnistökusvæðinu með Sprengisandsleið. Notast verður við núverandi slóða frá efnistökusvæðinu og að Sprengisandsleið og má ætla að umferð vegna efnisflutninga gæti aukist mest um 22 ökutæki á dag eða 11 ökutæki í hvora akstursstefnu. Fyrirhuguð efnistaka er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á umferð og samgöngur á svæðinu umfram það sem þegar hefur verið á svæðinu vegna núverandi og fyrirhugaðra orkumannvirkja. Framkvæmdaraðili telur því áhrif framkvæmdarinnar á umferð og samgöngur vera óveruleg.

Vegagerðin bendir á mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og vekur athygli á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis.

Í svörum Landsvirkjunar er lögð áhersla á áframhaldandi samráð við Vegagerðina vegna mögulegra sértækra flutninga, þar með talið þungaflutninga, en þá daga sem efnisflutningar verða verður leitast við að haga þeim með þeim hætti að þeir verði að mestu utan þess tíma sem umferð er hvað mest s.s. að nóttu til. Jafnframt er bent á að umferð vegna fyrirhugaðrar efnistöku mun að stórum hluta vera innan skilgreinds iðnaðarsvæðis Vaðölduvers og einungis yfir eina brú að fara.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þrjú vatnshlot séu skilgreind í og við framkvæmdarsvæðið, grunnvatnshlotið Tungnaárhraun 103-308-G, straumvatnshlotin Tungnaá 1 103-

1362-R og Hrauneyjakvísl 103-1361-R. Áhrif á grunnvatnshlot eru metin út frá magnstöðu og efnafræðilegu ástandi og áhrif á straumvatn eru metin út frá vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og til að meta hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á vatnshlotin, var leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar fylgt um hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Efnistökusvæðið liggur á milli straumvatnshlotanna tveggja og er því möguleiki á að rennsli geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökkunnar. Grugg og setflutningur getur borist út í straumvatn frá framkvæmdarsvæðinu sem getur valdið upphleðslu eða þrengt farvegi og haft áhrif á lífríki. Vert er að taka fram að farvegur straumvatnshlotanna sem um ræðir hefur þegar tekið miklum breytingum þar sem virkjanaframkvæmdir á Tungnaár-Þjórsár svæðinu hafa haft umtalsverð áhrif á vatnsformfræði vatnshlota. Efnistöku verður háttað með þeim hætti, m.t.t. rennslis straumvatnshlota og hæð á landi að sem minnst áhrif verði á farveg beggja straumvatnshlotanna. Fram kemur að helsta hættan sé ef til efnamengunar kemur, s.s. vegna vinnuvéla og olúgeymslu eða innan svæðis og á það einnig við um grunnvatnshlottið. Innan efnistökusvæðis eru nýttar stórar vinnuvélar sem ganga fyrir olíu. Við notkun þeirra getur komið upp smávægilegur olíuleki frá vél eða við áfyllingu. Engar olúgeymslur né mannvirki verða á svæðinu og ekki verða geymd mengandi efni í námunni. Efnistaka hefur þegar staðið yfir á svæðinu í talsverðan tíma og hefur ekki komið til mengunar sökum fyrri framkvæmda. Ekki er talið líklegt að fyrirhuguð stækkun komi til með að hafa frekari mengun í för með sér. Sótt verður um framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélaginu og starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Farið verður eftir þeim kröfum sem settar verða fram í leyfunum, slíkar kröfur gætu snúið að meðhöndlun á tækjum og búnaði, þá sérstaklega olíu og viðeigandi viðbragðsáætlunum ef til óhapps kæmi. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlegt að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdaleyfi. Við það mat þarf að horfa heildstætt til áhrifa á vatnsformsfræðilega, efnafræðilega og vistfræðilega gæðabætti straumvatna, þar með talið áhrifa á fisk. Mat á áhrifum á vatnshlot skal unnið í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunarinnar um áhrifamat á vatnshlot.

Náttúrufræðistofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdina verði gætt að því að lágmarka slík áhrif og að settir verði viðeigandi skilmálar um meðferð véla og varnir gegn mengun.

Forsætisráðuneytið telur að betur þurfi að fjalla um mótvægisáðgerðir þar sem efnistökusvæðið liggur á milli tveggja straumvatnshlota og því sé möguleiki á að rennsli geti breyst eftir umfangi og staðsetningu efnistökkunnar. Grugg og set getur borist út í straumvatn frá framkvæmdarsvæðinu sem getur valdið upphleðslu eða þrengt farvegi og haft áhrif á lífríki.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að ekki er talið að framkvæmd muni hafa áhrif á stöðu vatnshlota en að jafnaði sé lítið rennsli í farveginum þar sem vatni Tungnaár er veitt í Búðarhálsvirkjun en þó kann yfirfallsvatn og flóðavatn að renna um farveg. Áhrifamat á vatnshlot verði lagt fram með umsókn um framkvæmdaleyfi.

Samlegðaráhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samspil margra stórra og minni framkvæmda á sama svæði geti haft í för með sér samlegðaráhrif sem hafi neikvæð áhrif á ákveðna umhverfispætti. Þar má nefna aukið álag á samgöngukerfið vegna flutnings á efni og tækjum, sem geti haft áhrif á umferðaröryggi, þjónustustig vega og upplifun ferðamanna og íbúa. Einnig geta framkvæmdir á mörgum stöðum samtímis haft áhrif á ásynd og landslag, aukið hávaða og rykmengun og haft áhrif á lífríki á meðan framkvæmdir standa yfir. Uppbygging Vaðölduvers og aðrar tengdar framkvæmdir á svæðinu leiða óhjákvæmilega til samverkandi áhrifa sem meta þarf í heild sinni. Landsvirkjun er meðvituð um samlegðaráhrif framkvæmda á vegum fyrirtækisins og vinnur með að stýra efnistöku markvisst á hverju svæði fyrir sig og fyrir svæðið í heild sinni. Áhersla er lögð á val á flutningsleiðum og virkt samráð við Vegagerðina. Með skipulagi á framkvæmdatíma og viðeigandi mótvægisáðgerðum er hægt að draga úr samverkandi áhrifum.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mikilvægt sé að horfa til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum á svæðinu, sérstaklega með tilliti til áhrifa á landslag og lífríki.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028 en unnið er að breytingum á skipulaginu.

Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Svæðið er innan þjóðlendu en það eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Leyfi forsætisráðuneytisins þarf til að nýta efni innan svæðis skv. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Þá þarf starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Jafnframt kann framkvæmdin að vera háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukningu á efnistöku um 50.000 m³ á um 7,5 ha svæði á Tungnaáreyrum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar og mengunar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, árbakka og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrir liggur að efnistaka hefur farið fram á Tungnaáreyrum en nú er ráðgert að tvöfalda efnistökumagn sem hefur í för með rask á nokkuð stærra svæði miðað við núverandi aðstæður. Ekki er þó um umfangsmikla efnistöku að ræða og þó að efnistökusvæðið sé á nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, þá er um að ræða sandorpið hraun, skv. framlögðum gögnum, og má ætla að það hafi að stórum hluta glatað verndargildi sínu. Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið er gróðurlítið og vistgerðir, sem þar er að finna, hafa lágt verndargildi. Fyrir liggur áhrifamat á vatnshlot og telur HMS ekki hættu á að fyrirhugaðar framkvæmdir einar sér muni hafa þau áhrif að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum en stofnunin leggur ríka áherslu á þær ráðstafanir og það verklag sem Landsvirkjun hyggst viðhafa til að koma í veg fyrir að olíumengun berist í jarðveg. Auk þess er unnt að setja ákvæði í leyfi eins og Landsvirkjun bendir á sem eiga að tryggja að efnamengun berist ekki í vatnshlot. Áhrifamat vatnshlota þarf að fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi. Fyrirhuguð efnistaka mun óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á ásynd, einkum á framkvæmdatíma en með boðuðum aðgerðum um verklag og vönduðum frágangi svæðisins er hægt að draga úr þeim áhrifum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er framkvæmdasvæðið í nágrenni fjölfarinna leiða inn á Suðurhálendið og kann því að verða að einhverju leyti sýnilegt vegfarendum á framkvæmdatíma en ljóst er að umtalsvert meira rask blasir við ferðamönnum vegna framkvæmda við Vaðölduver í næsta nágrenni. Að mati HMS verða áhrif

efnistöku við Tungnaáreyrar einnar og sér ekki veruleg en ljóst er að um verður að ræða nokkur neikvæð samlegðaráhrif á ýmsa umhverfisþætti, m.a. á ásynd og yfirbragð og upplifun ferðamanna, með þessari umfangsmiklu uppbyggingu Vaðölduvers, ásamt öðrum efnistökusvæðum sem staðsett eru skammt frá framkvæmdasvæðinu en um er að ræða efnistökusvæði við Vaðfitjar, Langöldu og Ferjufit þar sem samtals er gert ráð fyrir um 490.000 m³ efnistöku á þessum þremur svæðum að efnistökunni á Tungnaáreyrum meðtalinni. Ofangreindar námur hafa allar hlotið málsmeðferð skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Ljóst er að staðsetning efnistökusvæðisins í næsta nágrenni við framkvæmdasvæði vindorkuversins við Vaðöldu gerir það að verkum að efnisflutningar á þjóðvegum, m.a. á Sprengisandsleið, verða í lágmarki að því gefnu að meirihluti efnisins verði nýttur til þeirra framkvæmda. Stofnunin leggur áherslu á samráð við Vegagerðina varðandi efnisflutninga um þjóðvegi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sé umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. júlí 2026.

Reykjavík, 12. júní 2026,

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

